



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

5. árg. 1. tölublað. Janúar 2011.

EFNI:

Fyrirmæli um lágmarksskráningu vistunarpplýsinga á sjúkrahúsum	bls. 1
Vistunarmat á árinu 2010	bls. 2
Nýjar útgáfur ICD-10, NCSP og NCSP-IS	bls. 2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.
Anna Björg Aradóttir
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

FYRIRMÆLI UM LÁGMARKSSKRÁNINGU VISTUNARUPPLÝSINGA Á SJÚKRAHÚSUM

Ný fyrirmæli landlæknis um lágmarksskráningu vistunarpplýsinga á sjúkrahúsum voru gefin út á vef embættisins í ársbyrjun. Samtímis féll úr gildi 3. útgáfa tilmæla landlæknis um lágmarksskráningu frá árinu 2001. Fyrirmælin hafa verið lögð fyrir velferðarráðherra til undirritunar og birtingar í Stjórnartíðindum. Með því munu þau öðlast stöðu reglugerðar.

Í lögum um landlækni nr. 41 frá árinu 2007 er kveðið á um að landlæknir skuli gefa heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu fyrirmæli um lágmarksskráningu upplýsinga. Með því er ætlað að tryggja að skráning vistunarpplýsinga á sjúkrahúsum í landinu sé samanburðarhæf og áreiðanlegar upplýsingar fái um starfsemi þeirra. Í fyrirmælunum eru tilgreind þau atriði sem skrá skal að lágmarki og veittar leiðbeiningar um skráningu.

Þrjú meginþættir eru hafðir að leiðarljósi við skilgreiningu á þeim skráningaratriðum sem lágmarksskráningin nær til:

- að skráning endurspegli sem best starfsemi á íslenskum sjúkrahúsum,

þann heilsuvanda sem skjólstæðingar þeirra eiga við að etja og þær úrlausnir sem þeir hljóta,

- að skráning sé sambærileg á öllum íslenskum sjúkrahúsum,
- að skráning sé sambærileg við önnur lönd.

Fyrirmælin liggja til grundvallar innköllun og úrvinnslu Landlæknisembættisins á vistunarpplýsingum sjúkrahúsa.

Tölur um starfsemi sjúkrahúsa eru birtar árlega á vef embættisins. Auk þess eru þær sendar alþjóðlegum stofnunum, s.s. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat), Efnahags- og framfarastofnuninni OECD og Norræna heilbrigðistölfraeðiráðinu (NOMESCO) þar sem þær eru nýttar í alþjóðasamanburði.

Sjá: [Fyrirmæli um lágmarksskráningu vistunarpplýsinga á sjúkrahúsum \(pdf\)](#)

Svanhildur Þorsteinsdóttir



Skurðaðgerð á Landspítala.

Ljósmynd birt með leyfi LSH

Á síðasta ári var úthlutað 791 hjúkrunarrými, sem er nærri þriðjungur allra hjúkrunarrýma á landinu.

Lítill breyting varð á fjölda einstaklinga á biðlista milli árána 2009 og 2010.

VISTUNARMAT Á ÁRINU 2010

Vistunarmat er faglegt mat á þörf einstaklinga, óháð aldri, fyrir varanlega búsetu á hjúkrunarheimili. Matið framkvæma vistunarmatsnefndir sem starfræktar eru í hverju hinna sjö heilbrigðisumdæma landsins. Nefndirnar eru skipaðar lækni, hjúkrunarfræðingi og félagsráðgjafa, öllum með reynslu af öldrunarmálum. Vistunarmatsnefndirnar hafa að leiðarljósi það markmið að gera fólki kleift að búa á eigin heimili utan stofnana eins lengi og unnt er með viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Árið 2010 voru afgreiddar 1295 umsóknir um búsetu á hjúkrunarheimilum, um 59% þeirra á höfuðborgarsvæðinu, en á því svæði varð um 8% fjölgun umsókna á milli ára. Á landinu öllu voru að meðaltali samþykktar um 75% umsókna, 20% var synjað og tæplega 6% mála voru í vinnslu um áramót. Á biðlistum hjúkrunarheimila voru skráðir

alls 215 í lok árs 2010. Lítil breyting varð milli ára á fjölda einstaklinga á biðlista, en í árslok 2009 voru 194 á biðlista eftir hjúkrunarrými á landinu öllu.

Á síðasta ári var úthlutað 791 hjúkrunarrými, sem er nærri því að vera um þriðjungur allra hjúkrunarrýma á landinu, en samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu er heildarfjöldi hjúkrunarrýma 2542 á landinu öllu.

Landlæknisembættið hefur eftirlit með störfum vistunarmatsnefnda og yfirumsjón með framkvæmd vistunarmats. Umsjónin felst í faglegu eftirliti með störfum nefndanna og leiðsögn til þeirra um upplýsingaöflun. Auk þess hefur Landlæknisembættið umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrennar vistunarmatssskrár.

Þorbjörg Guðmundsdóttir

Vistunarmat á árinu 2010

Vistunarmatsnefnd	Höfuðborgarsvæðis	Vesturlands	Vestfjarða	Norðurlands	Austurlands	Suðurlands	Suðurnesja	Samtals
Fjöldi mála	764	85	16	183	43	135	69	1295
Afdrif mála 2010								
Mál samþykkt	529	66	16	132	42	115	68	968
Málum synjað	186	13		33	1	19		252
Málum frestað (í vinnslu)	49	6		18		1	1	75
Samtals	764	85	16	183	43	135	69	1295
Gilt vistunarmat um áramót:								
Fjöldi á biðlista	79	14	4	29	11	41	37	215
Fjöldi hjúkrunarrýma - úthlutað á árinu								
	560	48	12	109	21	74	43	867*

* Þar af 80 rými úthlutað til einstaklinga sem voru á öðrum hjúkrunarheimilum.

NÝJAR ÚTGÁFUR ICD-10, NCSP OG NCSP-IS

Landlæknisembættið gaf út á vef sínum í byrjun janúar á þessu ári nýjar útgáfur af flokkunarkerfum til skráningar sjúkdóma og aðgerða í heilbrigðisþjónustu. Þau eru *Alþjóðlega flokkunarkerfið fyrir sjúkdóma og skyld heilbrigðisvandamál (ICD-10)*, *Norræn flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum (NCSP)* og landsútgáfa af *Norrænni flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum (NCSP-IS)* fyrir árið 2011 og tóku útgáfurnar gildi þá þegar. Á vef embættisins eru flokkunarkerfin aðgengileg til notkunar í mismunandi hugbúnaði, til flettingar á vefnum beint (sjá www.skafli.is) og til að birta í rafrænum sjúkraskrárhugbúnaði.

Leiðbeiningar um hvaða flokkunarkerfi eiga við hvenær er að finna í fyrirætlum um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu. Þar er einnig mælt fyrir um að rafrænt birtingarform flokkunarkerfa skuli sýna skýringartexta þeirra við skráningu.

Rekstraraðilar heilbrigðisþjónustunnar bera ábyrgð á að sjúkragögn séu skráð og að við skráningu séu notuð þau kóðuðu flokkunarkerfi sem landlæknir hefur mælt fyrir um.

Hægt er að gerast áskrifandi að uppfærslum flokkunarkerfa á vef Landlæknisembættisins með því að skrá sig á [póstlista](#).

Lilja Sigrún Jónsdóttir